

Pési



Lesið þetta

- Tónlist fyrir alla
- Brúarhlöð-skilti
- Auglýsingar
- Verkefna-styrkir

Næsti Pési kemur út 16. nóv Skil á efni er 13. nóv.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Laust starf	7
Karfan	8
Haustrundur	15
Ferðamiðstöðin	18
Menningarráð	20

Október 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

17. árgangur. 209. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Kom færandi hendi.

Helgi Daníelsson, f.v. lögreglumaður, f.v. landsliðsmaður í knattspyrnu, golfleikari og ljósmyndari kom færandi hendi á dögnum. Hann afhenti Minjasafni Emils Ásgeirssonar í Gröf og Hrunamannahreppi myndasafn. Í safninu eru myndir af öllum býlum í Hrunamannahreppi og einnig fjölmörgum býlum í uppsveitum Árnessýslu. E.t.v verður þetta vísir að myndasafni sem gæti vistast á heimasíðu Hrunamannahrepps. Guðjón Emilsson safnstjóri tók á móti gjöfinni og er Helga þökkud þessi höfðinglega gjöf. Með Helga í för var sonur hans Friðbjófur Helgason, ljósmyndari en hann var lengi tókumaður hjá Sjónvarpinu.

Tónlist fyrir alla.

Miklar þjóðfélagsbreytingar eiga sér stað á flestum sviðum. Hraðinn er mikill í samfélaginu, tækni­breytingar óneitanlega miklar og við eigum fullt í fangi með að fylgjast með þróuninni. Fyrir nokkru hlustaði ég á frábæran fyrirlestur um skólann á 21. öldinni og fyrirlesarinn sveif með áheyrendur um víðan völl og taldi upp alla þá möguleika sem nútímamaðurinn hefur. Þegar hann lenti sagði hann: Þrátt fyrir hraðann, tækni- og þjóðfélagsbreytingar eru þetta grundvallaratriðin: “Unga fólk­ið verður að læra að lesa, skrifa og reikna – grunnur þess er agi og það að kunna að hlýða”. Þar höfum við það, gömlu gildin enn í fullu gildi. Stundum er sagt að nútímaforeldrar óttist jafnvel að ala börnin sín upp í boðum og bönnum. Við gleymum oft í hita leiksins hve mikilvægt, gefandi og þroskandi starfið í Leikskólanum Undralandi og Flúðaskóla er. Starfsemi skólanna kemur okkur öllum við og miklu máli skiptir að gott samstarf og samvinna sé milli heimilis og skóla og stjórnenda sveitarfélagsins og skóla. Hreppsnefndarmenn gengu um skólann á dögumum og var bent á ýmislegt í hinni ytri umgjörð sem kippa þarf í liðinn og lagfæra. Á sama hátt og hin ytri umgjörð þarf að vera í lagi skiptir hið innra starf enn meira máli. Skólarnir eru fjölmennir vinnustaðir og vinnan er ekki einungis kennaranna heldur einnig annarra starfsmanna sem tengjast skólastarfinu beint og óbeint, húsvarðar, stuðningsfulltrúa, starfsmanna í mótuneyti, ræstingafólks og ekki má gleyma nemendum sjálfum. Allir hafa mismunandi skoðanir og þarfir. Hver hlekkur þarf að vera í lagi. Uppeldi barnanna fer ekki einungis fram á heimilunum sjálfum heldur einnig í skólunum. Undirritaður var þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að koma á tónleika sem haldnir voru á vegum Flúðaskóla undir kjörorðinu “tónlist fyrir alla”. Flytjendur voru Andrea Gylfadóttir, söngvari, Jón Rafnsson, bassaleikari, Jóhann Hjörleifsson, trommuleikari og Björn Thoroddsen, gítarleikari. Tónleikarnir voru afar skemmtilegir þar sem leikin voru þekkt lög með skemmtilegu jassívafi. Í fyrsta lagi dáðist ég að unga fólkinu sem áheyrendum, þau voru kurteis og opin fyrir þessari tónlist. Í öðru lagi voru hér frábærir tónlistarmenn á ferðinni og ekki er vafi á að tónlist sem þessi er gefandi og þroskandi fyrir alla aldurshópa. Það er ósk undirritaðs að þetta góða tónlistarfólk hafi verið að gefa tóninn um gott og gefandi skólastarf hjá okkur í vetur.

Almannavarnir

Sigurður Gunnarsson f.v. sýslumaður hefur tekið að sér vinna að skipulagningu Almannavarnarmála hér í hreppnum og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þetta er samvinnuverkefni hreppanna og Svæðismiðlunar atvinnumála á Suðurlandi. Á dögunum kom sýslumaður og yfirlöggreglustjóri í Árnassýslu á fund vegna Almannavarnarmála og er líklegt að Sigurður vinni skipulagsvinnu hvað þetta varðar fyrir sýsluna í heild. Stefnt er að því að ein Almannavarnarnefnd starfi í Árnassýslu í framtíðinni. Sigurður vann mjög metnaðarfulla áætlun þegar hann var sýslumaður í Vík sem tengdist hugsanlegu Kötlugosi. Sýslumaður hefur boðað komu sína þar sem hann vill hitta hreppsnefndarmenn slíkir fundir eru upplýsandi og styrkja samband íbúa og lögreglu.

Ánægðir gestir á hótelinu!

Í síðasta Pésa töldum við upp fjölmarga höfðingja sem heiðruðu okkur með nærveru sinni á réttardaginn og dvöldu á Hótel Flúðum m.a. sendiherra Kína á Íslandi. Það er skemmst frá því að segja að þeir létu afar vel af dvöl sinni í hreppnum og atlætið á hótelinu var til fyrirmyndar. Í síðustu viku héldu hótelstjórar á Edduhótelunum fund á Hótel Flúðum en eins og margir vita stýrir heimamaðurinn Tryggvi Guðmundsson frá Akurgerði því starfi. Á sama hátt létu þeir í ljós ánægju sína með dvölinu. Hótelstjórnir Guðmundur og Margrét kunna svo sannarlega að taka á móti gestum – og Björn Ingi kokkur slær ekki slöku við í eldamennskunni. Maturinn hjá honum er eins og allra best gerist á hótelum á Íslandi og þó að víðar væri leitað. Menn undrast helst hve mjór hann er strákurinn miðað við þær krásir, sem hann laðar fram. Á hótelstjórafundinum kynnti Pólverjinn Michal Jerzy Jozefik starfsmaður hótelsins þá rétti sem bornir voru fram. Þetta gerði Mikki eins og hann er oftast kallaður á íslensku og sýndi og sannaði hve góðu valdi hann hefur náð á því ástkæra og ylhýra.

Grund góð viðbót í ferðapjónustuna

Óhætt er að segja að gistiheimilið og veitingasalan á Grund sé kærkomin viðbót við ferða- og veitingapjónustuna í

Hrunamannahreppi. Mikið hefur verið að gera í sumar og ákaflega vel er látið af þjónustunni og matnum hjá þeim Kristni Kristinssyni og Dagnýju Ólafsdóttur. Þau hjónin eru reyndar ekki óvön að taka á móti gestum. Þau hafa verið í gestamóttöku og hótélrekstri með dóttur sinni Kristbjörgu Kristinsdóttur bæði á Hótel Borg og á Hótel Valhöll.

Starfsmenn á námskeiði

Ágætur fjarnámsbúnaður er í félagsheimilinu okkar. Þessa dagana eru sveitarstjórinn, skrifstofustjórinn, félagsmálastjórinn o.fl. á námskeiði í stjórnslu á vegum Háskóla Íslands. Námskeiðið fer fram í gegnum fjarfundarbúnaðinn. Nú er bara að vita hvort íbúar hreppsins fá betri þjónustu á hreppsskrifstofunni þegar námskeiðinu lýkur 19 október n.k.

Fundað vegna riðu og heybirgða

Oddviti og sveitarstjóri hafa setið fundi með fulltrúum

Landbúnaðarstofnunnar og forsvarsmönnum Sorpstöðvar Suðurlands vegna heys sem riðubótasjóður hefur bætt ábúendum á

Hrafnkelsstöðum 1 en þar kom upp riða í sauðfé á síðasta vetri. Ekki er samstaða um hvað gera skal við heyið og næsti fundur vegna þessa verður n.k. miðvikudag. Vonandi verður þá búið að finna lausn á þessu máli.

Aðalskipulagsbreytingar

Aðalskipulagsbreytingar í Hrunamannahreppi eru á lokastigi. Í stórum dráttum er verið að stækka þéttbýli, skerpa línur varðandi landnotkun, stækkun tjaldsvæðis og iðnaðarsvæðis og að árfarvegur Litlu-Laxár verði færður til norðvesturs við Hofatún og styttist árfarvegurinn um 750 metra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt málið en enn vantar formlega staðfestingu Umhverfisstofnunar. Það er Teiknistofa Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar sem unnið hafa að skipulagsvinnunni ásamt sveitarstjórn.

Nýjar tröppur í sundlaug

Vinur okkar Sigurður Sigmundsson skrifaði ágætis grein í síðasta Pésa. Þar talaði hann m.a. um tröppurnar niður í sundlaug. Eins og allir vita er sundlaugin okkar barn síns tíma og ýmislegt sem betur mætti fara þar. Nú er búið að setja nýjar tröppur þannig að léttara verður að komast niður og uppúr lauginni. Reyndar var búið að panta tröppurnar fyrir nokkru og þær eru komnar á sinn stað.

Karлакórinn kvakar og syngur!

Glöggur lesandi Pésans kvartaði yfir því að ekkert hefði verið fjallað um Karлакór Hreppamanna í síðasta Pésa. Nú eru karlarnir vaknaðir af dvala sumarsins og farnir að æfa. Í haust kemur út geisladiskur í tilefni 10 ára afmælis kórsins. Sem fyrr stjórnar Edit Molnar kórnum og Miklos Dalmay leikur á píanóið.

Starf húsvarðar í Félagsheimilinu.

Guðmundur Karl Guðfinnsson hefur sagt starfi sínu lausu sem húsvörður í Félagsheimili Hrunamanna, fyrir aldurs sakir, þó ekki sjáist það á karli. Guðmundur hættir væntanlega um næstu áramót. Elín Guðfinnsdóttir systir Guðmundar sem hefur verið einstök hjálparhella hefur einnig ákveðið að hætta. Þau systkinin eiga heiður skilinn fyrir samvirkusemi og óeigingjörn störf. Í Pésanum er auglýst eftir nýjum húsverði.

Gjöf til Björgunarfélagsins

Fyrir skömmu afhentu veitustjóri og sveitarstjóri Björgunarfélaginu Eyvindi tetra talstöðvar. Þetta er gjöf frá Hitaveitu Flúða til sveitarinnar í tilefni 40 ára afmælis veitunnar. Þegar slysið varð í Laxárgljúfri á dögnum hefðu talstöðvar sem þessar komið að góðu gagni. Það er nauðsynlegt hverju byggðarlagi að eiga öfluga björgunarsveit og við íbúar hreppsins erum þakklát því fólki sem leggur sig fram í björgunarstörfum.

Söfnun á landbúnaðarplasti

Tómas Þórir Jónsson verktaki hefur komið á söfnunarkerfi varðandi landbúnaðarplast. Hann og sveitarstjórinn hafa farið á flesta bæi í sveitinni til þess að kynna fyrirkomulagið. Mjög mismunandi mikið landbúnaðarplast fellur til en Tómas Þórir kemur einu sinni í mánuði á þá bæi sem mest fellur til af plasti annarsstaðar eftir samkomulagi. Vonandi gengur þessi söfnun vel en plastið er flutt alla leið til Kína í endurvinnslu.

Skilti við Brúarhlöð

Fyrirhugað er að setja upp skilti við Brúarhlöð og eru glöggir Hrunamenn beðnir að gera athugasemdir og koma á framfæri við sveitarstjóra

Skilti við Brúarhlöð Velkomin

Hrunamannahreppur

Í Landnámu segir að tveir bræður Már og Bröndólfur Naddoddssynir, hafi numið Hrunamannahrepp og sest þar að fyrir um 1100 árum síðan. Már bjó á Mástöðum og Bröndólfur á Berghyl.

Jarðhiti er mikill á svæðinu og 1927 var heitt vatn leitt inn í fyrsta bæinn til upphitunar.

Jörð er frjósöm, óþrjótandi uppspretta af heitu vatni og landið ákjósanlegt til landbúnaðar og ræktunnar. Fjöldi garðyrkjubýla er í sveitinni, landbúnaður, iðnfyrirtæki og vaxandi þjónusta. Á sumrin er hitastig oft hátt og veðursæld mikil.

Flúðir er vaxandi þéttbýliskjarni og miðstöð menningar, þjónustu og félagslífs á svæðinu. Dugmikið fólk er uppspretta fjölbreytts athafnalífs og hér er gott að vera.

Brúarhlöð

Brúarhlöð nefnist efsti hluti af 10 km löngum gljúfrum. Hvítá hefur grafið farveg sinn í [Þursaberg](#) eða breccia, það er móberg, blandað fremur litlum, köntuðum blágrýtissteinum og í því eru ýmsar klettamyndanir og skessukatlar. Í ánni eru tveir þursabergsdrangar sem kallast Karl og Kerling sá lægri.

Trébrú yfir Brúarhlöð var fyrst byggð árið [1906](#) í tilefni af konungskomunni, en hana tók af í vetrarflóðum árið 1929 og aftur árið eftir. Brúin sem nú stendur var byggð 1959.

Örnefnið Brúarhlöð og þröngur farvegur Hvítár milli móbergsklettanna hafa leitt af sér getgátur um að brú eða steinbogi hafi verið á ánni til forna, en heimildir skortir.

Hvítá:

Hvítá er meðal stærstu vatnsfalla á Íslandi, jökulá sem á upptök í Hvítárvatni undir [Langjökli](#). Meðalrennsli árinna við [Gullfoss](#) er um 100 m³/s. en í flóðum getur vatnsmagnið allt að tuttugufaldast. Hvítá rennur saman við [Sogið](#) og myndar [Ölfusá](#).

Töluverð laxveiði er í ánni og [flúðasiðlingar](#) eru stundaðar niður gljúfrin.

Kóningsvegur

Í tilefni af heimsókn Friðriks VII Danakonungs til Íslands 1907 var dýrasti vegur Íslandssögunnar Kóningsvegur lagður um Uppsveitir Árnassýslu. Konungur ásamt föruneyti reið hér yfir brúna við Brúarhlöð, niður með Hvítá að austanverðu og að Álfaskeiði. Enn má greina merki um gamla veginn í landslagi.

Starf húsvörðar í Félagsheimili Hrunamanna.

Óskum eftir að ráða húsvörð við Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Við leitum að:

- Reglusömum einstaklingi sem getur séð um hreingerningar og allt léttara viðhald í húsinu.
- Sér um að skrá niður pantanir og skipuleggur starfsemi í húsinu.
- Sér um gæslu hússins og afgreiðslu
- Sér um að panta nauðsynjavöru sem seld er í húsinu
- Starfsmanni sem á gott með að umgangast fólk og hefur ríka þjónustulund.

Um óreglulegan vinnutíma er að ræða

Umsóknir sendist til skrifstofu Hrunamannahrepps “merkt húsvörður” fyrir 25. október n.k.

Fréttir úr körfunni.

Nú eru körfuboltaæfingar hafnar af fullum krafti og eru iðkendur um 90 talsins. Við erum svo ótrúlega heppin að hafa tvo frábæra þjálfara á okkar snærum í vetur þá Árna Þór Hilmarsson og Karl Ágúst Hannibalsson en þeir eru báðir íþróttافرæðingar að mennt og þar að auki miklir áhugamenn um körfubolta. Þess má geta að þeir spila báðir með meistaraflokknum okkar og eru þar lykilmenn.

Í gegnum tíðina hafa Hrunamenn, með frábærum liðstyrk frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp, tekið þátt í sterkum mótum eins og Íslandsmótum og bikarmótum. Á síðasta ári áttum við 3 lið í úrslitum í A-riðli á Íslandsmóti og kepptum einn úrslitaleik í bikar þar sem bikarinn rann okkur úr greipum á lokasekúndunum. Ekki má gleyma að minnast á landsliðsfólkið okkar en Elma Jóhannsdóttir og Heiðrún Kristmundsdóttir léku báðar fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti ungmenna sl. vor og stóðu sig þar að sjálfsögðu með miklum sóma.

Starfið gengur þó ekki eingöngu út á að framleiða afreksfólk í íþróttum, miklu máli skiptir að öllum líði vel í því sem þeir séu að gera og vegur félagslegi þátturinn þar þungt. Lið frá okkur hafa undanfarin ár tekið þátt í mótum eins og KEA skyr mótum og Reykjanesbæjarmótum en þar er áhersla á hreyfingu og góða skemmtun þar sem úrslitin eru látin liggja milli hluta.

Til þess að svona starf geti blómstrað þurfa margir að leggja hönd á plóg og það er óhætt að segja að í gegnum tíðina hafi margir aðilar unnið óeigingjarnt starf í þágu þess. Deild sem þessa er dýrt að reka og þess vegna er fjáröflun mikilvægur þáttur í rekstrinum. Í fyrra vorum við með kleinusölu sem sló algerlega í gegn og bráðskemmtilegt bingó þar sem einnig var uppboð á folatollum. Þá hafa elstu flokkarnir hjá strákunum nú þegar séð um vörutalningu í Strax og svona mætti halda áfram að telja. Þáttökugjöld hjá KKÍ hafa hækkað mikið þetta árið og því sér körfuknattleiksdeildin sig knúna til þess að hækka æfingagjöldin í samræmi við þá hækkun. Við hvetjum foreldra/forráðamenn til að standa í skilum og styðja við bakið á íþróttamönnum framtíðarinnar.

Með körfuboltakveðju

Stjórnin

Kolbrún Kristín formaður

Kristín Erla ritari

Evelyn gjaldkeri

Í tilefni af 80 ára afmæli Skúla Gunnlaugssonar í Miðfelli þann 25. október n.k. Verður haldin málverkasýning á verkum hans á heimili þeirra hjóna föstudaginn 26. og laugardaginn 27. október, kl. 13 til 18 báða dagana.

Höfum heitt á könnunni!

Sundlaugin á Flúðum

Opnunartími :

Mánudaga til föstudaga. 16:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga 13:00-18:00

Höfum til sölu sundfatnað, sundgleraugu og fleira

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga

Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Félagatal bridsdeildar U.M.F.H. Frá 27/10 1967 til 27/10 2007

1. Aðalheiður Helgadóttir , Laugarási
2. Anna Ipsen, Hellisholtum
3. Anna Magnúsdóttir Flúðum
4. Ari Einarsson Hæli
5. Arnar Þór Björnsson Frá Flúðum
6. Arndís Sigurðardóttir Miðfelli
7. Ámundi Elísson Breiðási
8. Árni Magnússon Flóa
9. Ása Ólafsdóttir Syðra-Seli
10. Ásgeir Garðarsson frá Hellisholtum
11. Ásgeir Gestsson frá kaldbak
12. Ásgeir Hannes Aðalsteinsson Flúðum
13. Ásta Oddleifsdóttir Hrepphólum
14. Baldur Loftsson frá Breiðási
15. Birgir Þór Jónsson Flúðum
16. Bjarnheiður Guðmundsdóttir frá Árnesi
17. Bjarni Einarsson Hæli
18. Bjarni Eiríksson frá Efra-Seli
19. Böðvar Guðmundsson Syðra-Seli
20. Daisy Karlsdóttir Flúðum
21. Daníel Halldórsson frá Efra-Seli
22. Eiður Arnarson Grafarbakka
23. Einar Logi Sigurgeirsson Miðfelli
24. Eiríkur Ágústsson Flúðum
25. Eiríkur Kristófersson Grafarbakka
26. Elín Kristmundsdóttir Haukholtum
27. Elín Þórðardóttir frá Jaðri
28. Eyjólfur K. Örnólfsson Flóa
29. Eyjólfur Pétursson Flóa
30. Garðar Olgeirsson Hellisholtum
31. Georg M. Ottósson Jörfa
32. Gestur Guðmundsson Syðra-Seli
33. Gísli Einarsson Laugum
34. Gísli Hauksson Stóru-Reykjum
35. Gísli Þórarinnsson Litlu-Reykjum
36. Grímur Magnússon Flóa
37. Guðbjörg Kolbeinsdóttir Hamarsholti
38. Guðbrandur Kristmundsson frá Bjargi
39. Guðjón Arnason Hvolsvelli
40. Guðjón Birgisson Melum
41. Guðmundur Arnason Oddgeirshólum
42. Guðmundur Benediktsson Hvolsvelli
43. Guðmundur Böðvarsson Syðra-Seli
44. Guðmundur G. Sigurðsson frá Hvítárholti
45. Guðmundur Guðfinnsson Flúðum
46. Guðmundur Ingimarsson Birtingaholti
47. Guðmundur Jónsson Kópsvatni
48. Guðmundur Kristmundsson Skipholti
49. Guðmundur Sigurdórsson, Flúðum
50. Guðmundur Sigurðsson, frá Áslandi
51. Guðmundur Stefánsson, Skipholti
52. Guðni Þór Guðmundsson, Unnarholtskoti
53. Guðnaf Bergman Vilhjálmisdóttir, Eyvík
54. Guðrún Einarisdóttir, Laugarvatni
55. Guðrún Hermannsdóttir, Galtafelli
56. Gunnar Halldórsson, Skeggjastöðum
57. Gunnar Marteinnsson, Steinholti
58. Gunnar Þór Jóhannesson, Flúðum
59. Gunnlaugur Karlsson, Flúðum
60. Gunnlaugur Magnússon, Miðfelli
61. Gústaf Sæland, Laugarási
62. Halla Sigurðardóttir, frá Hvítárholti
63. Halldór Einarsson, Setbergi
64. Halldór Gestsson, Flúðum
65. Hannes Búrfelli
66. Haraldur Sigvaldason, vm. Hrafnkelsst.
67. Haukur Gíslason, Stóru-Reykjum
68. Helga Auðunsdóttir, frá Hvítárholti
69. Helga Halldórsdóttir, frá Áslandi
70. Helga Teitsdóttir, Högnastöðum
71. Helgi Guðmundsson, Bjarkarhlíð
72. Helgi Haraldsson, frá Hrafnkelsst.
73. Helgi Jónsson, ísabakka
74. Hermann Sigurðsson, Langholtskoti
75. Hilmar Jóhannesson, Syðra-Langholti
76. Hólmfríður Jónsdóttir, frá Sóleyjarbakka
77. Hreinn Gunnarsson, Þórarinsstöðum
78. Hreinn Ragnarsson, Laugarvatni
79. Hulda B. Gunnarsdóttir, vk. Hellisholtum
80. Hörður Gunnarsson, ?
81. Hörður Úlfarsson, Flúðum
82. Höskuldur Gunnarsson, Flóa
83. Inger B. Ásgeirsdóttir, Hellisholtum
84. Ingibjörg Steindórsdóttir, Flúðum
85. Ingibjörg Sverrisdóttir, Laugarási
86. Ingólfur Haraldsson, frá Hrafnkelsst.
87. Ingólfur Pétursson, frá Flúðum
88. Ingvi Traustason, Reykholti
89. Jakob Magnússon, frá Flúðum
90. Jóhann Arnarsson, frá Flúðum

91. Jóhanna Reynisdóttir, Árnesi
92. Jóhannes Sigmundsson, Syðra-Langholti
93. Jón G. Valgeirsson, frá Þverspyrnu
94. Jón Helgason, Miðhúsum
95. Jón Kristófersson, frá Grafarbakka
96. Jón M. Helgason, frá Ísabakka
97. Jón Ólafsson, Geldingaholti
98. Jón Þ. Oddleifsson, frá Haukholtum
99. Jón Þorsteinn Hjartarson, Brjársstöðum
100. Jónína Kjartansdóttir, frá Hellisholtum
101. Karl Gunnlaugsson, Varmalæk
102. Karl O. Garðarsson, frá Hellisholtum
103. Katrín Guðjónsdóttir, Flúðum
104. Knútur Jóhannesson, frá Haga
105. Knútur R. Ármann, Friðheimum
106. Kolbeinn Jóhannsson Hamarsholti
107. Kristbjörg Gísladóttir, frá Flúðum
108. Kristín Jóhannsdóttir, Hamarsholti
109. Kristján Guðmundsson, Blesastöðum
110. Kristmundur Guðbrandsson, frá Bjargi
111. Kristmundur Sigurðsson, Haga
112. Kristófer Ingimundarson, Grafarbakka
113. Loftur Þorsteinsson, Haukholtum
114. Magna Runólfssdóttir, frá Jaðri
115. Magnús Einarsson, Laugum
116. Magnús Grímsson, frá Jaðri
117. Magnús Guðmundsson, Oddgeirshólum
118. Magnús Gunnlaugsson, Miðfelli
119. Magnús Sigurðsson, Birtingaholti
120. Magnús Ögmundsson, Galtafelli
121. Marek Jozefik, Flúðum
122. Margrét Óskarsdóttir, Flúðum
123. Margrét Runólfssdóttir, Akurgerði 1
124. Matthías B. Guðmundson, frá Steinahlíð
125. Michal Jozefik, Flúðum
126. Nanna Mjöll Atladóttir, Reykholti
127. Narfi Sigþórsson, Flúðum
128. Oddleifur Þorsteinsson, Haukholtum
129. Ólafur B. Schram, frá Flúðum
130. Ólafur Guðjónsson, Flúðum
131. Ólafur Jóhannsson, Stóra-Núpi
132. Ólafur Sigurgeirsson, frá Grund
133. Páll Árnason, Leiti
134. Páll Jóhannsson, Núpstúni
135. Páll Þórarinnsson, Flóa
136. Pétur Skarphéðinsson, Launrétt 3
137. Rósa Danmörku
138. Sigfinnur Þorleifsson, frá Árnesi
139. Sigmundur Jóhannesson, Syðra-Langholti
140. Sigurður I. Jóhannsson, Syðra-Langholti
141. Sigurður Kristmundsson, Kotlaugum
142. Sigurður Ólafsson, Hjálmholti
143. Sigurður Sigmundsson, Dalbæ
144. Sigurður Sigurmundarson, Hvítárholti
145. Sigurður Steinþórsson, Hæli
146. Sigurgeir Sigmundsson, Grund
147. Sigurjón Vilhjálmsson, frá Hæli
148. Sigurlaug Angantýsdóttir, Laugarási
149. Sigþór Haraldsson, frá Reykjadal
150. Skarphéðinn Pétursson, Launrétt 3
151. Skúli Gestsson, Syðra-Seli
152. Skúli Sæland, Laugarási
153. Snæþór Vornharðsson, vm Hrafkelsst.
154. Sólveig Ólafsdóttir, frá Grund
155. Stefán Jóhannsson, frá Búrfelli
156. Stefán Sævaldsson, Brautarholti
157. Steinþór Guðmundsson, Oddgeirshólum
158. Tómas Rasmus, frá Flúðum
159. Valdimar Jóhannsson, Stóra-Núpi
160. Viðar Gunngeirsson, Ásum
161. Viktor Helgason, Búrfelli
162. Vilhjálmur Stefánsson, ?
163. Magnús Víðir Guðmundsson, Högnastíg
164. Víðir Þorgeirsson, frá Hellisholtum
165. Þorbjörn Sigurðsson, Ásgerði
166. Þór Guðmundsson, Selfossi
167. Þóra Þórarinsdóttir, Haga
168. Þórdís Bjarnadóttir, Hæli
169. Þórður Erlendsson, Útey
170. Þórður Þórðarson, Syðra-Langholti
171. Þórmundur Hjálmtýsson, Sóleyjarbakka
172. Þórunn Ingvadóttir, Reykholti
173. Örn Haraldsson, frá Mástungu

Karl Gunnlaugsson

Flúðaleið ehf

Frá 1. september 2007 mun Flúðaleið ehf bæta við sig þjónustu fyrir Landflutninga Samskip í uppsveitum Árnassýslu. Og mun því eftirleiðis þjónusta Eimskip Flytjanda og Landflutninga Samskip.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Landflutningar Kjalarvogi s:458-8000 kl. 12:00

Flytjandi Klettagörðum s:525-7700 kl 13:00

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjandi Gagnheiði 36 s:525-7951

Landflutningar Austurvegi 69 s:458-8820

Einnig frá Húsasmiðjunni og Byko

Flytjum áburð,skeljasand og fóður fyrir alla söluaðila

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21 Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Þriðjudaga Kl. 16-18 Aðgangur að tölvu fyrir almenning – Verðskrá ½ klst.
100,- kr.

Miðvikudaga Kl. 16-18 Lestrarstund er gæðastund.

Fimmtudaga Kl. 16-18 Sjáumst á bókasafninu! **J**

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

HJÁLP

Ég varð fyrir því óláni að týna gómnun mínum. Ef einhver hefur séð hann vinsamlegast látið mig vita í síma 486 6152 eða 865 6709.
Kveðja. Kristinn Þór Unnarholtskoti

Jóganámskeið

18. október hefst jóganámskeið á Flúðum. Kennt verður á fimmtudögum kl.20:³⁰ í leikskólanum.
Hvað er betra en að endurnæra líkama og sál með mjúkum teygjum, rétttri öndun, slökun og jákvæðum hugsunum?
Allir velkomnir, jafnt nýjir sem eldri þátttakendur.
Nánari upplýsingar og skráning hjá
Aðalheiði í síma 898-0677 eða 486-6777

Viltu þyngjast, léttast eða bara ná árangri í ræktinni.
Þá gæti HERBALIFE verið lausnin fyrir þig.
“Enn er tími til að komast í kjólinn fyrir jólin.”

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728
silja1@simnet.is

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Frá hugmynd að húsi



KAUPÞING

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudagskvöldið 17. október kl: 20:00

Á fundinn kemur Steinunn Kolbeinsdóttir verkefnisstjóri Fræðslunets Suðurlands og kynnis fyrir okkur starfsemina og hvaða möguleika við hér í sveitunum höfum á að nýta okkur Fræðslunetið. Spannandi möguleikar hér á ferð sem vert er að kynna sér.

Kolbrún Sveinsdóttir frá Hrafnkelsstöðum verður með sýnishorn af framleiðslu sinni til sýnis og sölu. Ýmislegt annað verður í pokahorninu á fundinum og ekki vitlaust að grípa með sér skotsilfur.

Mætum sem flestar miðvikudagskvöldið 17. okt. og tökum þátt í góðum og skemmtilegum félagsskap.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Til sölu

Jeep Cherokee árg. 1995. Ekinn 200 þús, 33" dekk, beinsk, dísel

Verð 280 þús

Upplýsingar í síma 824 4858 Rósar

VÖNDULL ehf

FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM

ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf.,

Skútuvoגי 8. sími: 581-3030. Mánudaga til

fimmtudaga kl. 13:00, föstudaga kl. 16:00. Á

Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 nema

föstudaga kl. 17:00. Einnig hjá öðrum fyrirtækjum

eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Loksins loksins koma Ljótu Hálfvitarnir á Suðurlandið með alvöru tónleika. Ljótu Hálfvitarnir slógu eftirminnilega í gegn í sumar m.a. með lagið Sonur hafsins. Þeir hafa verið á ferð og flugi um allt land í sumar og nú er röðin komin að Suðurlandi. Þeir eru stórskemmtilegir á tónleikum og ekki síður í tali en tónum.

Tónleikarnir verða á Draugabarnum á Stokkseyri laugardaginn 27. október kl. 22:30 að staðartíma. Sætaferðir verða til og frá Selfossi á tónleikana. Eftir tónleikana verður Draugabarninn opinn til kl. 3:00. Aldurstakmark er 18 ára eða 18 vetra eins og sagt var hér áður fyrr.

Forsala verður á tónleikana í andyrri Nóatúns á Selfossi laugardaginn 27. október milli 14:00 og 18:00 en einnig á netinu á netfanginu astrikstonleikar@gmail.com. Til að kaupa miða á netinu verður að senda tölvupóst á netfangið að ofan, tilgreina nafn og fyrstu 6 stafi í kennitölu og fjölda miða auk þess sem leggja verður inn á reikning 0152-26-2384 kt. 160981-3429 (1300 kr) og verður að tilgreina nafn og fyrstu 6 stafi í kennitölu í skýringu.

Miðaverði er stillt úr hófi fram og er 1300 kr. í forsölu en 1500 kr. við dyrnar. Þeir héldu nýlega tónleika á Nasa og var troðfullt út úr dyrum svo best er að tryggja sér miða sem allra fyrst áður en uppselt verður á tónleikana.

Það er knattspyrnufélagið Ástríkur PSV sem býður upp á þennan menningarviðburð en Ástríkur keppir í Sunnlensku deildinni. Hjá félaginu er samstaða og samvinna í hávegum höfð og vill félagið í samvinnu við þig stuðla að góðum og skemmtilegum menningarviðburðum á Suðurlandi. Ég vona að þú sjáir þér fært um að taka þátt í því með okkur.

Tónleikarnir verða auglýstir frekar í héraðsfréttablöðunum þegar nær dregur.

Nánari upplýsingar eru á síðunni www.blog.central.is/astrikurpsv, á netfanginu astrikstonleikar@gmail.com og í síma 8480963 eftir 11. október. Bendi einnig á að kíkja á heimasíðu sveitarinnar, www.ljotuhalfvitarnir.is

Ungmennafélag Hrunamanna
Bridge-deild

Bridge

**Bridge-æfingar hefjast að loknu sumarfríi þriðjudaginn
16. október n.k.**

kl. 20:00.

Æfingarnar eru í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Nýir félagar velkomnir.

Takið eftir að æfingarnar verða á þriðjudögum í vetur en ekki mánudögum eins og áður.

Afmælishátíð vegna 40 ára starfsafmælis deildarinnar framundan.

LÍNUDANS

Þriðjudagskvöldið 16. október verður kynning á línudansi í Brautarholti á Skeiðum, og svo í framhaldi af því námskeið fram eftir vetri.

Kennari er Silja Þorsteinsdóttir íslandsmeistari í línudansi.

Notið þetta einstaka tækifæri til að kynna ykkur línudans og hvað hann hefur upp á að bjóða en hann er holl hreyfing og skemmtun fyrir alla, jafnt unga sem aldna

Upplýsingar í síma 486 5534 og 864 5534 (Badda)

Opið í vetur

og bætt þjónusta í Ferðamiðstöðinni

Opnunartími verður sem hér segir

Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 17 til 22.

Föstudaga og laugardaga frá kl. 12 til 22.

Sunnudaga frá kl. 12 til 20.

Boðið verður upp á besta úrval DVD mynda á svæðinu frá og með næstu viku og framboðið stöðugt endurskoðað. Væntanlegar myndir eru m.a.:

The Last time
IT'S A BOY GIRL THING
ILLUSIONIST
FIND ME GUILTY
Colour Me Kubrick
Chaos
THE RETURN
Drop Dead Sexy
SCHOOL FOR SCOUNDRELS
The Cutter
APOCALYPTO
Black Dahlia
EMPIRE OF THE WOLVES



Gott úrval og endurbætt af smáréttum verður í boði, s.s. hamborgarar, heitar pizzusneiðar o.fl.

Nokkrar helstu mjókurvörur verða á boðstólum.

Práðlaus internet tenging er í boði, án endurgjalds.

Helstu tóbakstegundir verða framvegis á boðstólum í Ferðamiðstöðinni.

Billjardborð verður í salnum.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Menningarráð Suðurlands

8.10.2007

Auglýsing um verkefnastyrki til menningarstarfs á Suðurlandi

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki á grunni samnings sveitarfélaga á Suðurlandi og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis um menningarmál

- Veita á styrki til menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi. Ein úthlutun verður árið 2007, í byrjun nóvember.
- Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki til margvíslegra menningarverkefna en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag.

Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 26. október. Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í byrjun nóvember.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu SASS www.sudurland.is/sass. Hér er einnig að finna [stefnu](#) sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum og [úthlutunarreglur](#).

Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is. Umsóknir skal senda, **í tölvupósti og í ábyrgðarpósti**, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss eða á menning@sudurland.is.

Menningarráð Suðurlands

Menningarráð Suðurlands

Úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja

Menningarráðs Suðurlands til menningarmála 2007

1. Tilgangur styrkjanna er, skv. samningi sveitarfélaga á Suðurlandi og menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytis, að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Suðurlandi.
2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi.
3. Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en Menningarráð Suðurlands. Styrkir ráðsins geta aldrei verið hærrí fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar við verkefni.
4. Með umsókninni verður að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur.
5. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.
6. Menningarráð Suðurlands og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni.
7. Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.
8. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Menningarráði Suðurlands upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.
9. Umsóknir þurfa að vera á eyðublöðum frá Menningarráðinu og pósthimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.
10. Auglýst skal eftir styrkumsóknum í febrúar og fer úthlutun fram í mars.
12. Ákvæði til bráðabirgða: Auglýst skal eftir styrkumsóknum í október og fer úthlutun fram í nóvember 2007

Menningarráð Suðurlands 8.október 2007

VIÐVERA MENNINGARFULLTRÚA Í SVEITARFÉ- LÖGUM

Menningarráð Suðurlands auglýsir viðveru menningarfulltrúa í sveitarfélögum á Suðurlandi vegna úthlutunar á menningarstyrkjum 2007

Viðtals tímar menningarfulltrúa, Dorothee Lubecki, verða sem hér segir:
Einnig er hægt að óska eftir viðtölum á öðrum tímum. Skrifstofa menningarfulltrúa er að Austurvegi 56, 800 Selfoss. Sími 480-8207 og 896-7511.

Árborg

Skrifstofa menningarfulltrúa, Austurvegur 56, Selfoss
Fimmtudagur kl. 10:00-
11.10.2007 12:30

Sveitarfélagið Ölfus

Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn
Fimmtudagur kl. 18:00-
11.10.2007 20:00

Bláskógabyggð

Hreppsskrifstofa Reykholt
Föstudagur kl. 10:00-
12.10.2007 12:00

Hveragerðisbær

Bæjarskrifstofu, Sunnumörk 2, Hveragerði
Föstudagur kl. 13:30-
12.10.2007 15:00

Vestmannaeyjabær

í húsnæði Visku, Strandvegur 50, 3. hæð, Vestman-
naeyjar
Mánudagur kl. 15:30-
15.10.2007 18:00

Skafthreppur

Hreppsskrifstofa, Kirkjubæjarklaustur
Miðvikudagur kl. 13:00-
17.10.2007 14:30

Mýrdalshreppur

Hreppsskrifstofa, Vík í Mýrdal
Miðvikudagur kl. 16:00-
17.10.2007 17:00

Rangárþing eystra

Skrifstofa Rangárþings eystra, Hliðarvegur 16, Hvols-
völlur
Fimmtudagur kl. 10:00-
18.10.2007 12:00

Rangárþing ytra

Skrifstofa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegur 1, Hella
Fimmtudagur kl. 13:30-
18.10.2007 15:00

Ásahreppur

Hreppsskrifstofa, Laugaland
Föstudagur kl.
19.10.2007 10:00:12:00

Árborg

Skrifstofa menningarfulltrúa, Austurvegur 56, Selfoss Föstudagur kl. 13:00-
19.10.2007 15:30

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Hreppsskrifstofa í Árnasi Mánudagur kl. 10:30-
22.10.2007 12:00

Hrunamannahreppur

Skrifstofa Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðir Mánudagur kl. 13:30-
22.10.2007 15:30

Grímsnes- og Grafningshreppur

Stjórnsýsluhúsinu, Borg Þriðjudagur kl. 10:00-
23.10.2007 11:30

Árborg

Skrifstofa menningarfulltrúa, Austurvegur 56, Selfoss Þriðjudagur kl. 13:00-
23.10.2007 15:30

Flóahreppur

Skrifstofa sveitarfélagsins í Þingborg Miðvikudagur kl. 10:00-
24.10.2007 11:30

Árborg

Skrifstofa menningarfulltrúa, Austurvegur 56, Selfoss Fimmtudagur kl. 10:00-
25.10.2007 12:00
og 13:00-
15:30

Árborg

Skrifstofa menningarfulltrúa, Austurvegur 56, Selfoss Föstudagur kl. 10:00-
26.10.2007 12:00
og 13:00-
15:30

Einnig er hægt að óska eftir viðtölum á öðrum tímum. Skrifstofa menningarfulltrúa er að Austurvegi 56, 800 Selfoss.

Sími 480-8207 og 896-7511.



Uppskerudagur 7. október

Ljósm. Sig Sigm



Hrunaréttir 2007

Ljósm.. Sig Sigm